

Öldungaráð Snæfellsbæjar.

Fundur no 10 kl 10,00 þann 4. desember 2020. Símafundur

Mættir: Auður Grímsdóttir í stað Jóns Guðmundssonar, Erla Laxdal, Jóhanna Gunnarsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir og Pétur S Jóhannsson sem ritaði fundargerð. Seinna kom á fundinn og lét í sér heyra hundurinn Tinni til heimilis á Vallholti 13 en hann hefur ekki atkvæðisrétt.

Sveinn Þór Elinbergsson forstöðumaður Félags og skóla setti fundinn.

Mál 1: Kosning nýs formanns í stað Margrétar Vigfúsdóttur sem lét af störfum að eigin ósk fyrir á árinu. Voru henni færðar þakkir fyrir sín störf fyrir Öldungaráðið. Samþykkt var að kjósa Erlu Laxdal í hennar stað en hún var varaformaður. Í hennar stað kosin sem varaformaður Svanhildur Pálsdóttir en hún er ný í nefndinni og kjörinn af bæjarstjórn SNB. Þær þökkuðu traustið.

Mál 2: Umræður urðu um störf nefndarinnar og hennar verkefni. Ítrekað var enn og aftur að beina því til bæjarstjórnarinnar að húsnæðismál eldri borgara yrði könnuð þe bygging íbúða/húsa . Sjá fundargerð Öldungaráðs frá 23/4 2019 og frá 8. október 2019.

Mál 3: Fundarmenn voru áhugasamir um að hitta bæjarstjórnarmenn amk einu sinni á ári og ræða málin.

Mál 4: Sveinn Þór sagðist vera tilbúin að vera „rótari“ ráðsins og bauð fram sína aðstoð og var honum þakkað fyrir það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10,50.

Fundarritari

Pétur Steinar Jóhannsson